

**Nd.**

**734. Nefndarálit**

**[82. mál]**

um frv. til l. um Ríkismat sjávarafurða.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem hún flytur tillögur um á sérstöku þingskjali. Jafnframt fellur meiri hl. nefndarinnar frá nál. á þskj. 622 og afturkallar brtt. á þskj. 663.

Frumvarpið barst sjávarútvegsnefnd 28. nóv. s. l. Málið var síðan sent til umsagnar 8. des. Alls bárust 16 umsagnir um frv. og hefur nefndin fjallað um það á níu fundum.

Á fundi nefndarinnar komu einnig aðilar er þetta mál snertir og skýrðu sjónarmið sín varðandi frv. og gáfu ýmsar upplýsingar.

Nefndin tekur fram að nauðsynlegt sé að bæði fulltrúar kaupenda og seljenda séu í hópi þeirra er ráðherra skipar frá hagsmunasamtökum sjávarútvegsins í fiskmatsráði.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 3. maí 1984.

Stefán Guðmundsson,  
form., frsm.  
Gunnar G. Schram.

Gaðar Sigurðsson,  
fundaskr., með fyrirvara.  
Halldór Blöndal.  
Friðrik Sophusson.

Guðmundur Einarsson,  
með fyrirvara.  
Ingvar Gíslason.